



Bréf sent prestum, djáknum,
organistum, sóknarnefndum og
útfararstjórum

Reykjavík 8. febrúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Þar sem þjóðinni hefur tekist að halda útbreiðslu farsóttarinnar í lágmarki undanfarnar vikur telja heilbrigðisyfirvöld nú óhætt að rýmka fjöldatakmörkanir sem gilt hafa um þjónustu og starfsemi kirkjunnar. Það er fagnaðarefni.

Heilbrigðisráðherra samþykkti breytingar á reglugerðinni sem gildir til 17. febrúar. Breytingarnar taka gildi í dag og má í heild sinni nálgast þær hér, ásamt minnisblaði sóttvarnarlæknis og frétt HRN um málið: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/02/05/COVID-19-Varfaernar-tilslakanir-a-samkomutakmorkunum-fra-8.-februar/>

Ákvæði reglugerðarinnar sem varðar starfsemi kirkjunnar hljóðar svo: *Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er allt að 150 einstaklingum heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga, þar á meðal við útfarir og fermingar, þar sem virða skal 2 metra nálægðartakmörkun og grímuskyldu. Um fjölda fólks við erfidrykkju fer eftir 1. mgr. (þ.e.a.s. 20 manns).*

Ég hvet ykkur því kæra samstarfsfólk að koma kirkjustarfinu í gang á hverjum stað, innan þessara takmarkana sem vissulega eru enn í gildi. **Ég brýni ykkur og okkur öll til að gæta að öllum sóttvarnarreglum og vil í því sambandi taka eftirfarandi atriði sérstaklega fram:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Séu fleiri athafnir í kirkjunni sama daginn, skal lofta vel út og sótthreina alla snertifleti milli athafna.
- Huga þarf að því að 2 metra nálægðartakmörkun er í gildi og því ljóst að hámarksfjöldinn (150) á ekki við á öllum stöðum. Tryggja þarf að fjöldatakmörkanir séu virtar, til dæmis með að talið sé við innganginn. Sumar kirkjur eru litlar og geta því einungis borið mun færri gesti, miðað við þær reglur sem í gildi eru.
- Grímuskylda er í gildi og þarf því að huga að því að bjóða upp á grímur við innganga, fyrir þá sem mæta án grímu.
- **Börn fædd 2005** og síðar, þurfa ekki að lúta reglum um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímuskyldu.

Við erum enn að glíma við veiruna og því skulum við áfram sýna árvekni og gera okkar besta í að tryggja öryggi allra sem starfa og þjóna innan kirkjunnar, sem og þeirra sem sækja þjónustu og samfélag á vettvangi kirkjunnar. Ég bið ykkur áfram að ganga fram með góðu fordæmi, líkt og þið hafið gert hingað til. Ég þakka ykkur samstöðu, stuðning og samstarf í viðbrögðum okkar við þeim takmörkunum sem samfélag okkar hefur þurft að lúta á umliðnum mánuðum.

Gott er að fara að huga að skipulagi ferminga, sem hefjast víðast hvar í næsta mánuði. Ávallt erum við auðvitað með þann fyrirvara að veiran fari ekki aftur á flug í okkar samfélagi og takmarkanir og þrengingar settar á ný.

Að nýloknum Biblíudegi kemur mér þetta vers í huga, þar sem þrengingar okkar í þjónustunni hafa á umliðnum mánuðum verið miklar.

Við fögnum líka í þrengingum þar eð við vitum að þrengingin veitir þolgæði en þolgæði gerir mann fullreyndan og fullreyndur á vonina. Og vonin bregst okkur ekki. Því að kærleikur Guðs hefur streymt inn í hjörtu okkar með heilögum anda sem okkur er gefinn. (Rm. 5:3-5)

Guð gefi ykkur og okkur öllum þá náð að bera þolgæðinu vitni og vera boðberar kærleika Guðs í orðum okkar og athöfnum.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.